



Skagafjörður

Daggæsla barna á einkaheimilum

upplýsingar til dagforeldra og almennings

Almenn atriði

Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi, en hlutverk Fjölskylduþjónustu Skagafirðinga felst í afgreiðslu leyfisveitinga, miðlun upplýsinga til almennings um starfsemi dagforeldra, eftirliti með starfsemi þeirra og ráðgjöf við dagforeldra og foreldra. Fjölskylduþjónustan sér einnig um niðurgreiðslu vistgjalds. Reglur Sveitarfélagsins Skagafjarðar um niðurgreiðslu á daggæslu í heimahúsum voru samþykktar í árslok 2008 og gilda með breytingum frá september 2011 og eru á heimasíðunni www.skagafjordur.is

Félags- og tómstundanefnd veitir dagforeldrum starfsleyfi og Fjölskylduþjónustan sinnir síðan lögbundnu eftirliti með starfseminni eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 907 frá árinu 2005. Reglugerðina er að finna á heimasíðu velferðarráðuneytisins og á heimasíðunni www.skagafjordur.is

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á að þessu hlutverki sé sinnt, samþykkir eða synjar umsóknum um niðurgreiðslu og kemur að sérstökum úrlausnarmálum, sér um að reglur um starfsemina og gjaldskrá séu endurskoðaðar eftir þörfum, og um kynningu fyrir almenningi. Ákvörðunum félagsmálastjóra er unnt að skjóta til félagsmálanefndar.

Félagsráðgjafi fer með daglega umsjón, annast leyfisveitingar, veitir foreldrum og dagforeldrum ráðgjöf sé óskað eftir, sér um eftirlit og önnur dagleg samskipti Fjölskylduþjónustunnar við dagforeldra, tekur við umsóknum um niðurgreiðslu vistunar og annast afgreiðslu þeirra

Móttökuritari í Ráðhúsinu hefur tiltækar upplýsingar um nöfn starfandi dagforeldra og símanúmer, miðlar þeim upplýsingum til almennings og svarar fyrirspurnum eða beinir þeim til félagsráðgjafa, eftir atvikum.

Allir sem fá starfsleyfi til daggæslu í heimahúsum þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði sbr. reglugerð nr. 907 frá 2005.

Gjald og niðurgreiðslur

Dagforeldrar ákvarða sjálfir gjald fyrir dagvistun í heimahúsum. Skv. ákvörðun Samkeppnisráðs frá 1991 er dagforeldrum óheimilt að samræma gjaldskrá sína og þess vegna geta gjöld verið mishá.

Foreldrar geta fengið niðurgreidda dagvistun að vissum skilyrðum uppfylltum. Reglur um niðurgreiðslu eru aðgengilegar á vefsíðu sveitarfélagsins, hjá dagforeldrum og á skrifstofu sveitarfélagsins. Rétt er að hafa í huga að reglurnar gera ráð fyrir að foreldrar barns sem er eldra en 18 mánaða nýti tilboð um leikskólaláss standi það til boða ella lækki niðurgreiðslan. Niðurgreiðslurnar ganga beint til dagforeldra. Eigi foreldrar með barn í vistun hjá dagforeldri einnig börn í öðrum dagvistunarúrræðum hjá sveitarfélaginu getur myndast réttur til systkinaafsláttar skv. sérstökum reglum þar um, sjá nánar reglur á heimasíðu Sveitarfélagsins undir leikskólar/Ársalir.

Umsjón og eftirlit

Félagsráðgjafi veitir dagforeldrum ráðgjöf og sér um eftirlit. Eftirlit ráðgjafa er fólgið í heimsóknum á heimili dagforeldra, að jafnaði tvisvar á ári. Á reynslutíma eru heimsóknir fleiri ef þurfa þykir og einnig ef upp koma einhverjar athugasemdir eða kvartanir frá foreldrum vegna þjónustu dagforeldra.

Ráðgjöf getur jöfnum höndum falist í skipulegri fræðslu og leiðbeiningum við dagforeldra og hins vegar leiðbeiningum og upplýsingum til foreldra.

Sveitarfélagið (þroskaþjálfari, sálfræði- og uppeldisráðgjafi eða félagsráðgjafi veitir ráðgjöf sem er ætluð börnum með ýmsar sérþarfir.

Ef dagforeldri telur þörf á ráðgjöf varðandi einstök börn skal fyrst leitað samþykkis foreldra og ráðgjöf er síðan veitt í samráði við þá.

Skyldur dagforeldra

Um þær er fjallað í reglugerð reglugerð nr. 907 frá 2005. Reglugerðin er aðgengileg á netinu og unnt er að nálgast hana hjá Fjölskylduþjónustunni. Dagforeldrum er skylt að kynna sér hana enda er reglugerðin starfsgrundvöllur þeirra.

Helstu skyldur dagforeldra sem foreldrum er rétt að þekkja er að dagforeldri ber ábyrgð á andlegri og líkamlegri velferð barnsins meðan á dvöl stendur og skal hlúa að heilsu þess í sem víðtækustum skilningi. Dagforeldrum er óheimilt er að beita barn andlegri eða líkamlegri hirtingu. Með allar upplýsingar sem dagforeldri fær um hag barns og einkahagi forráðamanna þess skal farið sem trúnaðarmál.

Þá skal dagforeldri sjá um að Fjölskylduþjónustan fái jafnóðum upplýsingar um þau börn sem hefja eða ljúka gæsludvöl hjá viðkomandi. Það skal kaupa slysatryggingu vegna barnanna.

Skyldur foreldra

Um þær er einnig fjallað í reglugerð nr. 907 frá 2005. Ákvörðun um vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð forráðamanns. Foreldrar skulu tilkynna dagforeldrum ef barn er haldið ákveðnum sjúkdómi. Aðlögun að vist hjá dagforeldri skal miða við þarfir barnsins. Æskilegt er að forráðamaður dvelji hjá barni sínu í upphafi vistunar eftir nánara samkomulagi við dagforeldri.

Þrátt fyrir eftirlit af hálfu Fjölskylduþjónustunnar hafa foreldrar yfirleitt besta aðstöðu til að fylgjast með starfsemi dagforeldra þar sem þeir eru í daglegu sambandi við þau. Séu foreldrar ekki ánægðir með umönnun eða aðbúnað barns síns eru þeir hvattir til að ræða málið við dagforeldra. Ef það ber ekki árangur er hægt að hafa samband við félagsráðgjafa, leita eftir ráðgjöf eða leggja fram kvörtun. Skylt er foreldrum að tilkynna Fjölskylduþjónustunni telji þeir daggæslu ábótavant, t.d. ef dagforeldri tekur fleiri börn í gæslu en heimilt er, enda er þá verið að ganga á rétt þeirra barna sem fyrir eru.

Foreldrum ber að láta Fjölskylduþjónustuna vita ef forsendur niðurgreiðslu breytast.